

AUGLÝSING

um eftirlit með útlendingum og vegabréf.

188

13. okt.

Með tilvisun til auglýsingar dómsmálaráðuneytisins frá 1. júní 1937, sem sett var samkvæmt 3. mgr. 8. gr. reglugerðar um eftirlit með útlendingum frá 24. maí 1937, er hér með ákveðið, að allir útlendingar, að undanskildum ríkisborgurum Danmerkur, Noregs, Svíþjóðar og Finnlands þurfi hér eftir að fá staðfestingaráritun á vegabréf sín, ef þeir ætla að ferðast til Íslands.

Jafnframt ákveðst, að ríkisborgarar Norðurlandarikjanna þurfi að hafa vegabréf eða norræn ferðaskirteini, ef þeir ætla að ferðast til Íslands.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 13. október 1939.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.

AUGLÝSING

um breyting á reglugerð nr. 118 25. okt. 1937, um kosningu og starfsvið iðnráða.

189

14. okt.

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Iðnráðin skulu, eftir því sem við verður komið, hafa eftirlit með því að lögum og reglugerðum um mál iðnaðarmanna sé framfylgt. Þau gera tillögur til lögreglustjóra um skipun prófnefnda. Þau skulu einnig gera tillögur um iðnréttindi próflausra manna, enda mega lögreglustjórar ekki veita próflausum mönnum neins konar iðnréttindi, nema samkvæmt meðmælum hlutaðeigandi iðnráðs eða Landssambands iðnaðarmanna eða úrskurði ráðherra, ef um ágreiningsmál er að ræða.

2. gr.

4. gr. reglugerðarinnar falli niður og breytist greinatala reglugerðarinnar eftir því.

3. gr.

Aftan við 2. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar, sem verður 5. gr., bætist: Sé ekki bæði sveinafélag og meistarafélag starfandi á sama stað í sömu iðngrein, skal í fjölmennum iðngreinum, þar sem starfandi meistarar og sveinar eru í sameiginlegu iðnfélagi og félagar eru 50 eða fleiri, kjósa tvo fulltrúa, svein og meistara.

4. gr.

1. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar, sem verður 8. gr., orðist svo:

Fulltrúi fjölmennasta iðnfélagsins á staðnum kallar iðnráðið saman til fyrsta fundar og skal hann áður hafa fengið í hendur öll skjöl, er iðnráðinu tilheyrja, og öll áhöld þess og eignir, frá fráfarandi iðnráðsstjórn. Ef ekkert iðnfélag er til á staðnum, annast fulltrúi fjölmennustu iðngreinarinnar um þetta.

5. gr.

Í 10. gr. reglugerðarinnar, sem verður 9. gr., komi í stað orðanna: „með viku fyrirvara“, orðin: með þriggja daga fyrirvara.